

09. júní 2015

Hrönn Kristinsdóttir
Oktober Productions
Fiskislóð 75
101 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Vestmannaeyjum 4. júní 2015
UST201506-026/p.V.B.
09.06.01

Efni: Leyfi fyrir kvikmyndatöku - Reykjanesfólkvangur

Umhverfisstofnun hefur mótttekið erindi Oktober Productions, dags. 2. júní 2015, vegna leyfis til kvikmyndartöku innan Reykjanesfólkvangs í einn dag á tímabilinu 8.-10. júní 2015 vegna þýsku kvikmyndarinnar *Sólveig Karlsdóttir*.

Reykjanesfólkvangur var stofnaður árið 1975, sbr. auglýsingu í Stjórnartíðindum B nr. 520/1975. Jarðrask á svæðinu er óheimilt nema með leyfi Umhverfisstofnunar.

Lýsing framkvæmdar:

Tökur fara fram á veginum milli Krísuvíkur og norðaustur enda Kleifarvatns. Nánari staðsetning liggur ekki fyrir fyrr en nær dregur tökunum. Áætlað er að tökur fari fram í 5-6 klst 8., 9. eða 10 júní. Verið er að mynda bíl á keyrslu eftir veginum. Loka þarf tímabundið fyrir umferð á meðan tökur fara fram með lokunarskiltum og fólki á lokunarpóstum. Lokanir verða í samráði við lögreglu. Base camp verður settur upp á bílastæðinu við Fúlapoll en þar verða tvær rútur, salernisaðstaða og 5 tækjabílar. Að tökunum koma 50 manns.

Umhverfisstofnun veitir fyrir sitt leyti leyfi fyrir kvikmyndatökum og framkvæmdum sem eru í beinum tengslum við þær innan Reykjanesfólkvangs sem lýst hefur verið af hálfu umsækjanda fyrir Umhverfisstofnun, að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Tilkynna skal til Umhverfisstofnunar með a.m.k sólahringsfyrirvara hvenær tökur hefjast og þeim líkur. Eins á hvaða svæði tökur munu fara fram.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu.
- Starfsmenn við kvikmyndatökuna gangi snyrtilega um svæðið og forðist allt rask.
- Samþykki vegagerðar og lögreglu fáið fyrir lokun umferðar á veginum.
- Að skilið verði við svæðið eins og komið var að því.
- Allur akstur utan vega og merktra slóða er óheimill. Á þetta einnig við um slóða sem eru aflagðir og búið að loka.
- Óheimilt er að raska jarðminjum og gróðri.
- Óheimilt er að trufla dýralíf.
- Við bílastæðið við Fúlapoll skal þess gætt að gestir svæðisins hafi greiða leið að svæðinu og kvikmyndatökuliðið teppi ekki allt bílastæðið.


- Oktober Production skal kynna fyrir starfsfólki kvikmyndatökunnar þau skilyrði sem fylgja leyfinu áður en undirbúningur og tækur hefjast.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast tækunum og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun.


Eftirlit

Umhverfisstofnun mun fara með eftirlit með með framkvæmdinni. Verður kvikmyndasvæðið og base camp svæði tekið út áður en tækur hefjast og að þeim loknum. Umsækjandi greiðir allan útlagðan kostnað vegna eftirlitsins ásamt eftirlitsgjaldi sem er kr. 11.200 fyrir hverja klukkustund, sbr. gjaldskrá fyrir verkefni og þjónustu Umhverfisstofnunar nr. 1281/2013. Gert er ráð fyrir 2 klst í eftirlit.

Umhverfisstofnun vill benda á að samkvæmt viðmiðum sem hún hefur sett sér um málshraða þá er gert ráð fyrir að afgreiðsla erinda vegna leyfisveitinga á friðlýstum svæðum sé allt að 15 virkir dagar. Mælt er til þess að umsóknaraðilar sendi inn erindi sín með það í huga svo nægur tími gefist til að taka erindið fyrir.

Virðingarfyllt


Sigrún Agústs dóttir
Sviðstjóri



Þórdís Vilhelmina Bragadóttir
Sérfræðingur